



46. FUNDUR Í BÆJARSTJÓRN BLÖNDUÓSBÆJAR

Dagsetning: 13. maí 2014, kl. 16:00

Bæjarstjórn Blönduósbæjar kom saman til 46.fundar þriðjudaginn 13. maí 2014 kl. 16:00 að Hnjúkabyggð 33. Forseti bæjarstjórnar, Ágúst Þór Bragason, setti fundinn og stjórnaði honum. Fundarritari var Auðunn Sigurðsson. Undirritaðir sátu fundinn.

Dagskrá:

1. **Ársreikningur 2013 – síðari umræða**
2. **Fundargerðir:**
 - a) **Bæjarráð frá 29. apríl 2014**
 - b) **Bæjarráð frá 8. maí 2014**
 - c) **Skipulags-, byggingar og veitunefnd frá 29. apríl 2014**
3. **Samþykktir Stjórn sveitarfélagsins Blönduósbæjar**

Afgreiðslur:

1. **Ársreikningur 2013 – síðari umræða**

Bókun lögð fram á bæjarstjórnarfundum 13. maí 2014:

„*Rekstrartekjur Blönduósbæjar árið 2013 námu 755 millj. kr. samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta sem er 4 millj. kr. hærra en fjárhagsáætlun með viðaukum gerði ráð fyrir. Tekjur samstæðunnar hækka um 77 millj. á milli ára sem gerir um 11% hækkun tekna en útgjöld hækka um 30 millj. eða um tæp 5%. Mesta frávikið er í hækkun lífeyrisskuldbindinga sem hækka um 18 millj. á milli ára. Rekstrarniðurstaða samstæðunnar fyrir fjármagnsliði var jákvæð um 69,4 millj. kr. Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta er jákvæð um 12,2 millj.kr. og er um 20 millj.kr. betri niðurstaða en fjárhagsáætlun með viðaukum gerði ráð fyrir. Skuldir og skuldbindingar samtals eru 1.151.951 þús.kr. Í árslok 2013 en voru 1.184.735 þús.kr. árið á undan. Tekin voru ný langtímalán að upphæð 40,0 millj.kr. Afborganir langtímalána ársins 2013 voru 102 millj.kr. Eigð fé samstæðunnar um síðustu áramót var 613.751 þús.kr. Skuldahlutfall Blönduósbæjar er 152,5% í árslok 2013 en skuldaviðmið samkvæmt reiknisskilareglum er 138,7%.*



Niðurstaða ársins sýnir skýrt merki um traustan rekstur Blönduósbæjar en sveitarfélagið hefur ekki verið rekið með hagnaði frá árinu 2007. Bæjarstjórn vill þakka sérstaklega starfsfólki sveitarfélagsins fyrir góð störf á liðnum árum.”

Að umræðum loknum bar forseti upp bókunina sem og framlagða ársreikninga Blönduósbæjar fyrir árið 2013 og voru þeir samþykktir samhljóða með 7 atkvæðum.

2. Fundargerðir

a) Bæjarráð frá 29. apríl 2014

Fundargerðin er í 10 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Nokkrar umræður urðu um fundargerðina. Að umræðum loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

b) Bæjarráð frá 8. maí 2014

Fundargerðin er í 6 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Miklar umræður urðu um fundargerðina.

Oddný María Gunnarsdóttir, fulltrúi S-listans lagði fram eftirfarandi bókun við lið 3 í fundargerðinni:

„Undirrituð mælist til þess að bæjarstjórn Blönduósbæjar fari að tilmælum Félagsmálaráðuneytisins frá 27. apríl 2005. „Með hliðsjón af framangreindu hvetur ráðuneytið Blönduósbæ til að aðstoða Erlend Magnússon við það að fá þá leiðréttingu sinna mála sem hann á rétt á og finna lausn á ágreiningi um lóðamörk eða fá til dæmis dómkvadda matsmenn til að leysa það mál“.

Ólíðandi er að embættismenn með fulltingi meirihluta sveitarstjórnar komi sér hjá að leysa úr lóðarágreiningi við Brimslóð 8 árum saman, en hafa innheimt skatta af lóð sem íbúa hússins hefur verið meinuð afnot af, því hvet ég til að lóðin verði mæld upp hið fyrsta“

Undir þetta ritar Oddný María Gunnarsdóttir.

Að umræðum loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

c) Skipulags-, byggingar og veitunefnd frá 29. apríl 2014

Fundargerðin er í 5 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Að því loknu var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

3. Samþykktir Stjórn sveitarfélagsins Blönduósbæjar



Bæjarstjórn Blönduósþæjar

Síðari umræða um samþykktir Stjórn sveitarfélagsins Blönduósþæjar fór fram. Að loknum umræðum voru samþykktirnar bornar undir atkvæði og samþykktar með 7 atkvæðum samhljóða.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt. Fundi slitið kl. 18:25.

Ágúst Þór Bragason, forseti (sign.)
Ragnheiður Ólafsdóttir (sign.)
Zophonías Ari Lárusson (sign.)
Anna Margret Sigurðardóttir (sign.)
Oddný María Gunnarsdóttir (sign.)
Hörður Ríkharðsson (sign.)
Þórdís Hauksdóttir (sign.)
Arnar Þór Sævarsson (sign.)

Auðunn Sigurðsson, ritari (sign.)